

**Mál nr. 412/2011****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Byggingaverkamaður féll niður af millilofti í nýbyggingu hinn 23.4.2007.****Gögn.**

160. Málskot, móttakið 5.10.2011, ásamt fylgigögnum.

161. Bréf X, dags 14.10.2011.

**Málsatvik.**

M vann hjá fyrirtækinu V við að leggja gólf á millilofti í nýbyggingu. Búið var að setja sperrur undir gólfplötur á milliloftinu. Mun M hafa gengið á sperrunum en stigið á enda einnar gólfplötunnar sem enn var ófest. Við það sporðreistist platan og féll M um 3,5 m niður á steingólf og úlnliðsbrotnaði.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir m.a. að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi stigið á plötu sem ekki var fest niður. Gerð var krafa um að pallur væri settur undir þann stað þar sem verið væri að vinna hverju sinni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Telur félagið að fallvörnum verði illa komið við þegar umrætt verk er unnið. Þá sé óvíst að vinnupallur undir þeim stað þar sem unnið er hverju sinni, eins og Vinnueftirlitið gerði kröfu um, gæti komið í veg fyrir slys.

**Álit.**

Fyrir liggur að M vann við að leggja gólfplöturnar án þess að fallvarnir væru til staðar. Engin haldbær rök hafa komið fram um að ekki hafi mátt koma við fallvörnum eins og Vinnueftirlitið gerði kröfu um. Verður að telja að nægilega sé í ljós leitt að verkið var ekki unnið með þeim hætti að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar eins og krafist er samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af þessum sökum ber V ábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut í slysinu. Eins og staðið var að verki í umrætt sinn af hálfu V eru ekki efni til að skerða bætur til M vegna eigin sakar. Á M því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.